

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 l ílát	14.903 kr.	6.463 kr.
660 l ílát	43.002 kr.	19.787 kr.
1.100 l ílát	70.675 kr.	31.984 kr.

Grátunna: söfnun á 14 daga fresti.

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Bláskógabyggð, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annars en garðaúrgangs, timburs og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	19.288 kr.
Frístundahúsnæði	15.185 kr.
Lögbýli	11.816 kr.
Fyrirtæki	31.100 kr.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja heimilisúrgang allt að 1 m³ án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki 0,25 m³ og hleypur á 0,25 m³ eftir það.

Móttökugjald á einn m³ 2.000 kr.

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð sé aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 10. desember 2015 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 6. janúar 2016. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1277/2012 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 6. janúar 2016.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2016